

Konsul Bernich í Mannfélagsstyttnum eða Jón Sigurðsson eða Kossuth í hinni lifandi baráttu þjóðanna. Leiðin er uppávið, því rödd tímans, er þeir hlýða, er fyrir ofan þá og kemur skýr og hrein frá framtíðarinnar heimi. En svo heyra sumir aðeins herópið við Jeríkó— til hrúts hornsins. Sú rödd kemur hvorki úr loftinu fyrir ofan þá, né úr framtíðarinnar heimi framundan, hún er úr horni Jósúa — þess sem stöðvaði sólina, — þeirra er stöðva vilja komandi tímann, verja uppkomu kenarí dags, framför komandi alda. Það er sama hver tilgagnin er með því. Hvort það er að sú sama sól er skein yfir höfðum forfeðranna skíni enn yfir oss, að þeirra dagar séu vorir dagar, þeirra öld vor öld, þeirra trú, lög, þjóðarskipun og stjórnaðar vor trú, lög, þjóðarskipun og stjórnarfar.

Mennirnir sem halda vilja fornu siðabótar og trúar unlettunum óbreyttum, þeir vilja stöðva sólina árið 1517, svo ver lifum enn á þeim degi, í námunda við hamarshljóðið frá kyrkjuhurðinni í Wittenberg er Lúter negldi upp áskorunarskjal sitt til páfatrúar manna. Mér leiðist að benda altaf á þan arshljóð Lúters sjálfs, mér finst hann farinn að verða skeifhögur. En það er guðdómlegur sigursöngur, hamarshljóðið, frá hverri kyrkjuhurð, er, með hverju ári, menn festa upp ný kæruskjöl gegn yfirgangi páfa, hleypidómum klerka og einfeltri alnæringi. Á það viljum vér allir hlusta, en þá verðum vér að þoka áfram.

Mennirnir er halda vilja við Lávaðadeildinni brözkun, varra öllum jafnréttinda; þeir heyra tímans raust gegnum hrútsheirðið. Allir þessir eru að halda áfram, en ofanímóti, og það er ekki framför í þeim rétta skilningi. Getum vér og líka á þessu séð vegna hvers það er ekki nóg að segja áfram, heldur áfram og uppávið að eilífu.

Það er áframhaldið sem öll mannleg fullkærnun hvílir á, sem skyld tilvera heimstilverunni sjálfri. Og fullkærnun heimsins er, eins og flestum er margsannað og ljóst, áfram og uppávið. Úr frumpökunni veltur jörðin fram, tilvonandi bústaður manna og dýra, skóga og jurta. Lífið kviknar, breiðir sig yfir jörðina í skógargreinum, jurtaskrúði, húsum og heim-